

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Reykhólahreppi.

*Hellisbraut, óveruleg deiliskipulagsbreyting.*

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkti 8. júní 2023 óverulega breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis við Hellisbraut. Í breytingunni felst að raðhúsaloðir nr. 58 til 64 við Hellisbraut eru sameinaðar í eina lóð og raðhúsaloðir nr. 70 til 76 við Hellisbraut er sameinaðar í eina lóð. Lágmarksnýtingarhlutfall einbýlis- og raðhúsaloða er felld brott. Að öðru leyti haldast skilmálar gildandi deiliskipulags. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Ofangreind skipulagsáætlun hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 14. júní 2023,*

**Hlynur Torfi Torfason** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 15. júní 2023